



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við skólaslit Listaháskóla Íslands
24. maí 2003**

Ágæti rektor,
kennarar, nemendur
og aðrir góðir gestir.

Það er tákni um breytta tíma, um nýjan skilning á erindi okkar Íslendinga í veröldinni, að Listaháskólinn skuli kveðja nemendur sína og senda þá út í heim hér í gamla Hafnarhúsinu í Reykjavík sem áður var miðstöð samskipta við önnur lönd.

Um aldir var þjóðin sú fámennasta og fátækasta í Evrópu og forystusveit sjálfstæðisbaráttunnar taldi því mikilvægt markmið að færa siglingarnar í hendur Íslendinga. Höfnin í Reykjavík varð ávísun á árangurinn, koma hinna fyrstu Fossa sem Eimskipafélagið eignaðist vitnisburður um nýja tíma, landanir togaranna fyrirheit um framfarir og tekjuauka.

Það var hér við höfnina sem fyrstu ráðherrar Íslands fögnuðu erlendu tignarfólki; rauður dregill var lagður á sloruga timburbyggju til að gönguleið kóngsins væri við hæfi þótt framkvæmdin yrði svo skemmtilega íslensk með því að ráðherrann gekk sjálfur á dreglinum en lét kónginn þramma bryggjuna bera.

Hingað komu herskipin í stríðsbyrjun og Íslandi var í einu vetfangi svipt inn í hringiðu heimsmálanna. Að höfninni komu þúsundir til að fagna Halldóri Laxness, nýjum Nóbelsþafa, og skáldið ávarpaði þjóðina frá skipsbrún; forseti Alþýðusambandsins hyllti hann fyrir hönd Íslendinga. Og hingað kom mannfjöldinn á ný til að taka við

handritunum, Konungsbók Eddukvæða og Flateyjarbók, ritum sem voru og eru hornsteinar í sjálfstæðisvitund Íslendinga.

Já, gamla höfnin í Reykjavík var vettvangurinn þar sem þjóðin skynjaði hvað hún gat, sannaði fyrir sjálfri sér og öðrum að hún ætti erindi við veröldina.

Það er ögrandi áskorun í því fólgin að Listaháskólinn skuli einmitt hér halda sína uppskeruhátíð. Nú þjónar þetta virðulega hús ekki lengur höfninni og siglingum yfir hafið; það hefur gengið í endurnýjun lífdaga og listin breiðir hér úr sér, menningin sem með áþekkingum hætti og siglingarnar forðum staðfestir erindi okkar við veröldina. Hér erum við enn á ný á það minnt að fjármunir og veraldleg gæði eru hverful en listin er eilíf og sækir ávallt endurnýjun í nýja tíma.

Það hefur verið ánægjulegt að vera með ykkur í dag á merkisstundu í lífi ykkar, hlýða á góða listamenn sem glatt hafa okkur með glæsilegum flutningi og fá tækifæri til að kynnast sjónarmiðum þeirra nemenda sem nú kveðja skólann eftir heilladrjúgt nám og hefja sjálfstætt líf á vettvangi listar sinnar. Nú verður hvert og eitt ykkar að treysta á eigin mátt, dómgreind og vilja, treysta því að vegarnestið sem ykkur hefur verið búið muni duga vel. Sýningin sem hér prýðir salarkynni gefur góð fyrirheit um að þessi glæsilegi útskriftarhópur muni láta að sér kveða í listalífi og menningu okkar Íslendinga.

Listaháskólinn hefur á undraskömmum tíma orðið að þróttmikilli menntastofnun, lifandi miðstöð skapandi hugsunar og nýsköpunar, endurnýjunar og ögrandi samræðu við samtíðina. Sú orkustöð sem hér virkjar ímyndunarafl og sköpunarþrótt á eftir að gegna vaxandi hlutverki í samfélagi nýrrar aldar og sýna okkur hvernig við nýtum best sóknarfærin sem okkur eru búin í breyttum heimi. Listaháskólinn er vitnisburður um metnað okkar Íslendinga til að láta að okkur kveða á nýrri öld, flaggskip sem gerir miklar kröfur til allra sem hér koma að verki. Og kannski er sá skóli bestur þar sem sköpunarkraftur nemendanna siglir fram úr kennurunum, kemur þeim og okkur öllum sífellt á óvart.

Ég hafði ríka ánægju af heimsókn minni í skólann ykkar fyrr í vetur og naut þess að kynnast starfsemi á Laugarnesi, í Skipholtinu og á Sölvhólsgötu undir leiðsögn rektors og deildarforsetanna; finna í samræðum við kennara og nemendur og á skemmtilegum fundi sem við áttum saman hve ríkur sköpunarvilji ræður hér för og hve metnaðarfull sýn á framtíðina setur svip á allt starf skólans.

Þótt mikilvægt sé að Listaháskólinn fái sem fyrst samastað við hæfi þá skulum við ekki gleyma því að góður skóli er ekki hús eða hallarbygging; góður skóli er sá andi og innblástur sem hann færir nemendum, gerir þeim kleift að skapa eitthvað nýtt, láta að sér kveða, gera heiminn öðruvísi, ögra venjum og vanahugsun, skora umhverfið á hólmi og láta í sér heyra þegar aðrir þegja.

Sess okkar Íslendinga í veröldinni verður á nýrri öld fyrst og fremst háður því hvort okkur tekst að vera gjaldgengir í heimslífinu, að skapendur nýrrar listar eigi í senn íslenskar rætur og sæki þrótt til þess besta sem þekktist í veröldinni.

Áður fyrr var menningarlífið snöggum fátæklegra ef frá eru taldar bókmenntirnar sem kalla má að séu jafngamlar lífinu í landi okkar. Á umliðnum áratugum hafa margar listgreinar eflst til muna og nýjar haslað sér völl; leiklistin fyrst og síðan innlend kvikmyndagerð; tónlistin með einstæðu neti góðra skóla sem urðu undirstaða frábærrar Sinfóníuhljómsveitar og efldu til dáða íslensk tónskáld og einleikara; myndlistin, byggingarlistin og nú síðast hönnun sem opnar okkur nýja sýn á tilveruna. Erlendir gestir sem hingað koma hafa oft nefnt við mig sem veraldarundur að alla menningarvertíðina frá september til vordaga megi í þessu fámenna landi velja í viku hverri á milli 20-30 leiksýninga, fjölmargra tónleika af ólíku tagi, málverkasýningar séu opnaðar um hverja helgi og alls staðar megi sjá merki íslenskrar hönnunar; nánast sé ógerlegt að skilja hvernig svo fámenn þjóð geti skilað svo fjölbættri sköpun.

Frjó og frumleg hugsun, lifandi og öguð list hafa svo sannarlega sótt í sig veðrið, bæði í menningu okkar og atvinnulífinu. Og gleðilegt er að við sjáum nú fjölmörg dæmi þess að íslensk fyrirtæki hafa skilið að þrótturinn sem í listum felst færir framförunum nýjar víddir og styrkir samkeppnisstöðu á alþjóðavelli.

Íslensk menning hefur vaxið og dafnað, orðið fjölbættari og blómlegri með ári hverju. Margir hafa fetað í fótspor Halldórs Laxness og stunda nú list sína á heimsvísu án þess að glata íslenskum rótum, marka sér völl meðal hinna bestu í veröldinni.

Þegar íslensk alþýða fagnaði Halldóri hér við höfnina, handan við þetta hús, þá var hún umfram allt að gleðjast yfir því að hann hafði sýnt og sannað að það var hægt að skapa heimsbókmenntir úr íslenskum veruleika. Og SigurRós og Björk, Kristján og Kristinn, Ólafur Elíasson, Helgi Þorgils og Georg Guðni, svo að fáein dæmi séu nefnd, hafa sannað

Það sama á okkar tíð, að heimurinn er nú opinn völlum fyrir íslenska list, að þræðirnir sem arfleifðin hefur látið okkur í té geta orðið efniviður í verk sem skipta sköpum í veröldinni.

Ég vona að Listaháskólinn láti slíka vegvísa ávallt varða göngu sína í framtíðinni og verði um leið ögrandi og skapandi vettvangur sem sífellt gerir Ísland nýtt, forðar okkur frá því að láta fjötra fortíðar hindra okkar för.

Það er spennandi hlutverk sem þið hafið fengið í hendur og það er einlæg von mín að þegar Listaháskólinn verður orðinn jafngamall þessu húsi þá þakki þjóðin honum á eins kröftugan hátt og þegar hún kom á hafnarbakkann til að fagna Halldóri Laxness og handritunum.

Ég óska ykkur til hamingju með árangur hinna fyrstu ára og vona að sköpunarkrafturinn verði ætíð orkugjafi ykkar góða skóla.